

Vikufréttir

Vika 13(28.03.2022 – 01.04. 2022)

Mánudagur

- ✓ Nú stendur yfir undirbúningur fyrir árshátíð á öllum stigum.
- ✓ Klettaborg – skólahópur kemur í skólaheimsókn frá kl.8:10 – 10:50
- ✓ Stigsfundur á yngsta stigi kl. 13:30
- ✓ Ella námsráðgjafi verður við

Þriðjudagur

✓

Miðvikudagur

✓

Fimmtudagur

- ✓ Tæknimessa fyrir unglिंगadeild á Akranesi

Föstudagur

Spakmæli:

„Mikilvægasta manneskjan sem þú kynnist ert þú sjálf/ur“

Annað:

Ath. Árshátíð Grunnskólans í Borgarnesi verður **miðvikudaginn 6.apríl**. Nánari sýningartími verður auglýstur síðar. Við vekjum athygli á því að færa þurfti árshátíðina fram um einn dag miðað við það sem stendur í skóladagatali og verður hún í Hjálmakletti miðvikudaginn 6. apríl.

Tæknimessa í Fjölbrautarskóla Vesturlands á Akranesi.

Á Tæknimessu mun FVA kynna iðnnámsbrautir skólans, auk þess sem ýmis fyrirtæki sem starfa á Vesturlandi kynna starfsemi sína.

Öllum nemendum í 8, 9 og 10 bekk í grunnskólum á Vesturlandi er boðið í heimsókn og má búast við því að um 650 nemendur heimsæki Tæknimessuna.

Markmiðið með Tæknimessunni er að kynna iðnnám og þau tækifæri sem felast í tækni- og iðnstörfum fyrir grunnskólanemum og leitast þannig við að fjölga iðnnemum og vel menntuðum iðnarmönnum á Vesturlandi.

Tæknimessan er hluti af áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands um nýsköpun, frumkvöðla og tæknimenntun og fjármögnuð í gegnum verkefnið.

Hlédís Sveinsdóttir er verkefnisstjóri messunnar og hefur stýrt undirbúningi í nánu samstarfi við FVA, grunnskóla á Vesturlandi og atvinnulífið á svæðinu.



SÓKNARÁÆTLUN
VESTURLANDS

Úgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.
Ábm.: Guðdís Jónsdóttir